

Júní 2020



Tillögur að aðgerðum gegn matarsóun

Skýrsla starfshóps

Stjórnarráð Íslands

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið



Útgefandi:

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Júní 2020

www.stjornarradid.is

©2020 Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

ISBN 978-9935-9533-1-5

Matarsóun

Hvers konar efni eða vörur, hvort sem þær eru fullunnar, unnar að hluta eða óunnar, sem fólki er ætlað að neyta eða sem eðlilegt er að vænta að fólk neyti sem eru ekki nýttar til manneldis.

Hugtakið tekur ekki til:

- fôðurs,
- dýra fyrir slátrun, eða
- plantna fyrir uppskeru.

Efnisyfirlit

Samantekt	5
1. Inngangur	6
2. Umfang matarsóunar	7
2.1 Árangur af fyrri aðgerðum.....	9
2.2 Nýjar kröfur um mælingar á matarsóun	10
3. Markmið um samdrátt í matarsóun	12
4. Tillögur að aðgerðum	14
4.1 Aðgerðir á ábyrgð stjórnvalda.....	15
4.2 Aðgerðir á ábyrgð atvinnulífsins.....	29
5. Lokaorð	39
Viðauki	40

Myndaskrá

Mynd 1. Virðisþeðja matvæla. (Heimild: Umhverfisstofnun).....	9
---	---

Töfluskrá

Tafla 1. Listi yfir aðgerðir gegn matarsóun sem þegar hefur verið ráðist í (ekki er um að ræða tæmandi lista).	40
--	----

Samantekt

Í skýrslunni eru settar fram tillögur starfshóps að aðgerðum gegn matarsóun á Íslandi. Rannsóknir benda til að matarsóun á íslenskum heimilum sé að mestu sambærileg því sem gerist í öðrum löndum Evrópu og að sóunin hafi ekki breyst að magni til á síðastliðnum árum. Það bendir til að fyrri aðgerðir sem ráðist hefur verið í og aukin umræða um matarsóun hafi ekki skilað tilætluðum árangri. Rannsóknir benda jafnframt til að matarsóun hjá atvinnulífi sé með svipuðum hætti og í öðrum Evrópuríkjum en ekki er mögulegt að álykta um hvort að sóun hjá atvinnulífi hafi breyst síðustu ár. Starfshópurinn leggur til að sett verði bindandi markmið um 30% samdrátt í allri virðisbætur matvæla fyrir árið 2025 og um 50% samdrátt fyrir árið 2030. Tillögur starfshópsins að aðgerðum eru 24 talsins og taka til allrar virðisbætur. Þeim er skipt í 14 aðgerðir á ábyrgð stjórnvalda og 10 aðgerðir á ábyrgð atvinnulífsins.

Aðgerðir á ábyrgð stjórnvalda

1. Samstarf atvinnulífs og stjórnvalda gegn matarsóun.
2. Reglubundnar mælingar á matarsóun.
3. Rannsóknir á orsökum matarsóunar á heimilum.
4. Upplýsingamiðlun um matarsóunarverkefni.
5. Bætt menntun um matarsóun.
6. Saman gerum við heiminn betri.
7. Útgáfa leiðbeininga um rétt fyrirkomulag matargjafa.
8. Nýsköpun, rannsóknir og þróun sem draga úr matarsóun.
9. Innleiðing hagræns hvata sem dregur úr matarsóun.
10. Umbun fyrir matargjafir.
11. Umbætur á regluverki og eftirliti með matvælaframleiðendum.
12. Endurskoðun á reglum sem varða stóreldhús og nýtingu á afgangshráefni.
13. Samstilling framboðs og eftirspurnar í landbúnaði.
14. Bætt regluverk um nýtingu lífræns hráefnis.

Aðgerðir á ábyrgð atvinnulífsins

15. Vitundarvakning meðal frumframleiðenda.
16. Vitundarvakning meðal matvælaframleiðenda.
17. Forgangsverkefni smásala.
18. Samstilling framboðs og eftirspurnar í smásölu.
19. Allar vörur fari út um réttar dyr smásala.
20. Forgangsverkefni veitingamanna.
21. Matvælafulltrúi og uppsetning matvælakjarna.
22. Opinn markaður með hliðarafurðir.
23. Matarbankinn.
24. Matarvagn.

1. Inngangur

Þann 8. nóvember 2019 skipaði umhverfis- og auðlindaráðherra starfshóp til að móta tillögur til næstu ára að aðgerðum gegn matarsóun á Íslandi. Verkefni starfshópsins var þrjúþætt:

1. Að gera einfalt stöðumat á umfangi matarsóunar á Íslandi og meta lauslega árangur af fyrri aðgerðum.
2. Að gera tillögur að markmiðum sem hópurinn telur nauðsynleg til að hvetja til samdráttar í matarsóun, s.s. fyrir einstaka hluta virðiskeðju matvæla.
3. Að gera tillögur að aðgerðum sem ætlað er að draga úr matarsóun, t.d. einstökum aðgerðum sem stjórnvöld geta gripið til, samstarfsverkefnum eða fræðsluverkefnum.

Lagt var upp með að starfshópurinn lyki störfum í apríl 2020.

Í starfshópnum sátu Birgir Örn Smáráson, tilnefndur af Matís ohf., Dóra Svavarsdóttir, tilnefnd af Neytendasamtökunum, Eygerður Margrétardóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Gréta María Grétarsdóttir, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins, Hildur Harðardóttir, tilnefnd af Umhverfisstofnun, Rakel Garðarsdóttir, tilnefnd af umhverfisverndarsamtökum, Steinþór Skúlason, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, Tjörvi Bjarnason, tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, og Vigdís Ólafsdóttir, tilnefnd af Landssamtökum íslenskra stúdenta, Sambandi íslenskra framhaldsnema, Stúdentaráði Íslands og Ungum umhverfissinum. Guðmundur B. Ingvarsson, tilnefndur af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, stýrði starfshópnum. Starfshópurinn hélt 9 fundi. Í forföllum viðkomandi aðalfulltrúa sátu fundi varafulltrúarnir Birgitta Steingrímsdóttir, tilnefnd af Umhverfisstofnun, Björn Guðbrandur Jónsson, tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum, Guðrún Birna Jörgensen, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins, Guðrún Vaka Steingrímsdóttir, tilnefnd af Bændasamtökum Íslands, Rakel Halldórsdóttir, tilnefnd af Matís ohf., og Rebekka Karlsdóttir, tilnefnd af Landssamtökum íslenskra stúdenta, Sambandi íslenskra framhaldsnema, Stúdentaráði Íslands og Ungum umhverfissinum. Bjarni Gnýr Hjarðar, yfirverkfræðingur SORPU bs., og Margrét Einarsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, komu sem gestir á einn fund starfshópsins og héldu kynningar á rannsóknum á samsetningu blandaðs úrgangs á höfuðborgarsvæðinu og á rannsóknum á umfangi matarsóunar.

Með skýrslu þessari skilar starfshópurinn niðurstöðum sínum til umhverfis- og auðlindaráðherra. Þótt skipan starfshópsins hafi náð til allrar virðiskeðju matvæla þá leggur starfshópurinn það til við ráðherra að þær tillögur starfshópsins sem skýrslan geymir verði kynntar haghöfum og almenningi í opnu samráðsferli.

2. Umfang matarsóunar

Eins og kemur fram í inngangi var eitt af þeim verkefnum sem lagt var fyrir starfshópinum að leggja mat á umfang matarsóunar á Íslandi. Síðustu ár hafa vestræn ríki lagt æ meiri áherslu á að mæla hversu miklu af matvælum er sóað. Aðferðafræði við mælingarnar er þó ekki stöðluð og hún hefur fram að þessu ekki verið samræmd á milli ríkja. Því hafa mismunandi aðferðir tíðkast, s.s. beinar mælingar á þyngd eða rúmmáli matvæla, skráningar á matarsóun í dagbækur, greiningar á hlutfalli matarúrgangs í blönduðum úrgangi, beiting massajöfnuðaraðferðar (e. mass balance approach) eða sóun áætluð á grundvelli framleiddra afurða. Í sumum tilfellum hefur verið notast við sambland af þessum aðferðum.

Til þessa hafa fjórar rannsóknir á umfangi matarsóunar verið framkvæmdar hér á landi. Fyrst ber að nefna rannsókn sem Landvernd og Reykjavíkurborg stóðu fyrir árið 2015, en það var fyrsta tilraunin til að mæla matarsóun frá íslenskum heimilum. Um var að ræða rannsókn sem náði til 17 heimila í Reykjavík og varð niðurstaðan að hver íbúi hendi að meðaltali 45 kg af nýtanlegum mat¹ á ári. Í þessari rannsókn var ekki lagt mat á hversu miklu af ónýtanlegum mat² væri hent. Rannsóknin var endurtekin árið 2018³ (á 15 af heimilunum 17) og þá reyndist sóunin vera að meðaltali 25 kg af mat á hvern íbúa á ári. Það gerir 44% samdrátt í matarsóun á milli rannsókna. Þar sem úrtakið í þessum rannsóknum var lítið gafst rannsakendum tækifæri til að taka viðtöl við þátttakendur og greina hvaða ástæður lágu að baki þess að ætjum mat væri hent. Í ljós kom að jafnvel smávægilegar breytingar á hegðun fólks geta dregið verulega úr matarsóun. Úrtakið fyrir þessar rannsóknir var ekki valið með tilviljunarkenndum hætti og rannsóknirnar beindust eingöngu að heimilum.

Í tvígang hefur Umhverfisstofnun framkvæmt rannsóknir sem ætlað var að mæla matarsóun í allri virðiskeðju matvæla hér á landi, þ.e. frá frumframleiðslu, matvælavinnslu, smásölu, framreiðslu matvæla og frá neytendum. Fyrri rannsóknin var gerð árið 2016⁴ og sú síðari árið 2019⁵. Sömu aðferðafræði var beitt í bæði skiptin og voru þátttakendur valdir með því að taka stór, tilviljunarkennd úrtök á landsvísu; annars vegar úr þjóðskrá til að ná til heimila

¹ Nýtanlegur matur: Allur matur sem mögulegt er að borða eða sem var á einhverjum tímamarki mögulegt að borða. Til nýtanlegs matar flokkast þannig matur sem er orðinn skemmdur vegna þess að hann var ekki borðaður í tæka tíð eða vegna þess að hann var ekki geymdur á réttan hátt.

² Ónýtanlegur matur: Sá hluti matar sem almennt er ekki talinn hæfur til neyslu, s.s. hýði af grænmeti og ávöxtum sem skrælt er af fyrir neyslu, kaffikorgur, bein og eggjaskurn.

³ Andrea Burgherr (2019). Food waste in Reykjavik - a comparison between 2015 and 2018.

⁴ Umhverfisstofnun (2016). Food Waste in Iceland. Methodological report.

⁵ Umhverfisstofnun (2020). Food Waste statistics for Iceland in 2019. Final methodological report.

og hins vegar úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra til að ná til lögaðila. Niðurstöður rannsóknarinnar 2016 leiddu í ljós að matarsóun frá heimilum jafngilti því að hver íbúi hér á landi henti að meðaltali 23 kg af nýtanlegum mat á ári og 39 kg af ónýtanlegum mat. Byggja niðurstöðurnar á svörum frá 123 heimilum, þar sem heimilisfólk mældi þann mat sem það henti og skráði í dagbók. Ekki reyndist marktækur munur á matarsóun heimila á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Í rannsókninni árið 2019 bárust svör frá 90 þátttakendum og varð niðurstaðan sú að á íslenskum heimilum hendi hver íbúi að meðaltali um 20 kg af nýtanlegum mat á ári. Ekki reyndist því tölfræðilega marktækur munur á sóuninni á milli árána 2016 og 2019. Hins vegar reyndist magn þeirra ónýtanlegu matarafanga sem hent var árið 2019 marktækt minna en í fyrri rannsókn, þ.e. 25 kg að meðaltali á hvern íbúa á ári, samanborið við 39 kg árið 2016. Samhljómur er á milli niðurstaðna þessara tveggja rannsókna hvað varðar sóun á nýtanlegum mat og fyrrnefndri niðurstöðu Andrea Burgherr frá 2018, þ.e. að sóunin liggja á bilinu 20–25 kg á hvern íbúa að meðaltali á ári. Þessar niðurstöður eru svipaðar niðurstöðum sambærilegra rannsókna í nágrannalöndunum og í öðrum Evrópuríkjum frá sama tíma. Má því draga þá ályktun að matarsóun á íslenskum heimilum sé að mestu sambærileg því sem gerist í öðrum löndum Evrópu og jafnframt að sóunin hafi ekki breyst að magni til svo mælanlegt sé á tímabilinu 2016–2019.

Rannsóknirnar sem fjallað hefur verið um hér að framan byggja allar á þeirri aðferðafræði að þátttakendur mæli sjálfir magn þeirra matvæla sem þeir henda og skrái það í sérstaka dagbók. Hingað til hefur ekki verið reynt að beita annarri aðferðafræði við beinar mælingar á umfangi matarsóunar hér á landi, s.s. úrgangsgreiningum, sem er aðferð sem talsvert hefur verið notuð í öðrum löndum. SORPA bs. hefur þó lengi framkvæmt árlega rannsókn á samsetningu blandaðs úrgangs frá heimilum á höfuðborgarsvæðinu. Rannsókninni er ekki sérstaklega ætlað að mæla matarsóun en eldhúsúrgangur er einn af þeim úrgangsflokkum sem rannsóknin tekur til. Niðurstöður hennar geta því nýst til að draga ályktanir um umfang matarsóunar frá heimilum. Samkvæmt niðurstöðum SORPU bs. var eldhúsúrgangur á tímabilinu 2017–2019 um 70 kg á hvern íbúa á ári. Eðli málsins samkvæmt er þar með talinn nýtanlegur matur og ónýtanlegur matur, ásamt öðrum úrgangi sem talist getur til eldhúsúrgangs. Nærtækast er því að bera þessa niðurstöðu saman við niðurstöður úr framangreindum rannsóknum Umhverfisstofnunar þar sem hvort tveggja var lagt mat á magn þess sem var hent af nýtanlegum mat og ónýtanlegum. Samanlagt var magnið 62 kg á hvern íbúa árið 2016 og 45 kg árið 2019. Má því líta svo á að niðurstöður SORPU bs., sem fengnar eru með annarri aðferðafræði en beitt var í úrtaksrannsóknum Umhverfisstofnunar, bendi til að niðurstöður Umhverfisstofnunar gefi raunsanna mynd af matarsóun frá íslenskum heimilum.



Mynd 1. Virðiskeðja matvæla. (Heimild: Umhverfisstofnun)

Hvað atvinnulífið varðar leiddi rannsókn Umhverfisstofnunar árið 2016 í ljós að matvælum var hent í mestu magni við veitingasölu og –þjónustu, eða rúmlega 40 þúsund tonnum á ársgrundvelli. Af því var meginþorri nýtanlegur matur. Í kjötiðnaði reyndist tæplega 30 þúsund tonnum vera hent en innan við þriðjungur af því magni taldist þó vera nýtanlegur matur. Matarsóun í heildsölu og smásöluverslunum mældist um 4500 tonn á ársgrundvelli. Svipuðu magni var hent í eldhúsum og mótuneytum skóla, heilsustofnana og hjúkrunarheimila. Framleiðendur brauða og bakkelsis hentu tæplega 3 þúsund tonnum af nýtanlegum mat. Við mat á þessum niðurstöðum ber að hafa í huga að þær byggja á svörum frá einungis 84 fyrirtækjum og stofnunum, af þeim rúmlega 700 sem lentu í úrtaki, og gera má ráð fyrir talsverðri óvissu í niðurstöðum. Ekki fengust gögn frá þeim útgerðarfyrirtækjum, fiskvinnslufyrirtækjum og fyrirtækjum í mjólkuriðnaði sem lentu í úrtaki og því gefur rannsóknin ekki tilefni til að álykta um umfang matarsóunar innan þessara atvinnugreina. Í rannsókninni árið 2019 reyndist svarhlutfall meðal fyrirtækja enn lægra en áður og bárust svör frá 80 fyrirtækjum, af þeim 762 sem lentu í úrtaki. Engin eða ófullnægjandi gögn bárust frá landbúnaði, útgerð og fiskvinnslu og frá mjólkurframleiðslu. Óvissa í niðurstöðum rannsóknarinnar er því talsverð en almennt má segja að matarsóun mældist minni en í fyrri rannsókninni. Magn matvæla sem hent var við veitingasölu og –þjónustu mældist tífalt minna en 2016, eða um 4 þúsund tonn á ársgrundvelli. Matarsóun við framleiðslu brauða og bakkelsis mældist jafnframt tífalt minni en áður, eða tæplega 300 tonn. Magn frá kjötiðnaði mældist tæplega 23 þúsund tonn en sem fyrr var það að meirihluta ónýtanlegur matur. Matarsóun í heildsölu og smásöluverslunum mældist rúmlega 2000 tonn á ársgrundvelli. Vegna lágs svarhlutfalls og óvissu í niðurstöðunum er útilokað að draga ályktanir um hvort að matarsóun frá atvinnulífi hafi tekið breytingum frá árinu 2016. Hins vegar benda niðurstöður þessara rannsókna til að sóunin sé mest hjá veitingarekstri og matvælavinnslu. Það er svipuð mynd af matarsóun frá atvinnulífi og dregin hefur verið upp í sambærilegum rannsóknum í öðrum löndum Evrópu.

2.1 Árangur af fyrri aðgerðum

Ætla má að það hafi verið fyrir um áratug síðan sem vitundarvakning um matarsóun hófst á Vesturlöndum. Grasrótarsamtök um málefnið voru stofnuð og í kjölfarið tóku aðrir málefnið jafnframt til umfjöllunar og samfélagsleg umræða um matarsóun varð almennari. Hér á landi hefur verið ráðist í tugi

aðgerða sem ætlað hefur verið að draga úr matarsóun, s.s. gerð fræðslu- og kynningarefnis af margvíslegu tagi, haldnir viðburðir sem ætlað er vekja fólk til umhugsunar um málefnið, ráðist í skólaverkefni og gerð námsefnis, sett upp afsláttarkerfi í verslunum fyrir matvæli sem eru á síðasta snúningi, ráðist í nýsköpun við nýtingu aukaafurða, mörkuð stefna stjórnvalda og haldin námskeið um betri nýtingu matvæla. Hafa þessar aðgerðir beinst að miklu leyti að neytendum og að veitingarekstri. Margar aðgerðanna höfðu þó breiða skírskotun og beindust að mörgum hlutum virðisikeðju matvæla. Í viðauka við skýrsluna er að finna yfirlit yfir fjölmargar aðgerðir sem ráðist hefur verið í. Ekki ber að líta á yfirlitið sem tæmandi.

Hér að framan var dregin sú ályktun af niðurstöðum þeirra rannsókna sem fram hafa farið að umfang matarsóunar á íslenskum heimilum hafi ekki breyst svo mælanlegt sé á tímabilinu 2016–2019 (2. kafli). Þrátt fyrir þær fjölmörgu aðgerðir sem ráðist hefur verið í hér á landi, sem einkum hafa beinst að neytendum. Árið 2017 lét Umhverfisstofnun gera úrtakskönnun á landsvísu á viðhorfi Íslendinga til matarsóunar. Sömu könnun hafði stofnunin látið gera tveimur árum áður⁶. Í báðum könnunum urðu niðurstöðurnar á þá leið að um 75% landsmanna reyni að lágmarka matarsóun. Þetta hlutfall breyttist því lítið á milli árána 2015 og 2017. Helstu ástæður matarsóunar sem þátttakendur gáfu upp árið 2017 voru jafnframt þær sömu og árið 2015, þ.e. matur er útrunninn, matur er skemmdur og of mikill matur er eldaður. Þetta er þrátt fyrir að sérstök áhersla hafi verið lögð á einmitt þessi atriði við gerð fræðslu- og kynningarefnis um málefnið á þessum tíma. Það forvitnilega er að í niðurstöðunum árið 2017 kemur fram að rúmlega 80% þátttakenda töldu umræðu um matarsóun hafa aukist. Umfang matarsóunar á heimilum, ástæður hennar og viðleitni almennings til að leggja sitt af mörkum til að draga úr henni virðast því lítið breytast þrátt fyrir meiri umfjöllun um málefnið og aukna fræðslu.

2.2 Nýjar kröfur um mælingar á matarsóun

Árið 2018 ákvað Evrópusambandið⁷ að aðildarríki þess skuli grípa til ráðstafana til að draga úr myndun matarúrgangs í frumframleiðslu, vinnslu og framleiðslu, í smásöludreifingu og annarri dreifingu matvæla, á veitingastöðum og matsölum, sem og á heimilum, í samræmi við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (markmið 12.3). Það sama gildir um önnur aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, s.s. Ísland. Sem lið í að ná markmiðinu ber ríkjunum að hvetja til matargjafa og annarrar dreifingar matvæla til manneldis, sem annars færu til spillis. Nýting ónýtttra matvæla til manneldis er því sett í forgang fram yfir notkun þeirra í fóður og vinnslu í aðrar vörur en

⁶ Maskína (2015). Umhverfisstofnun. Matarsóun.

⁷ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/851 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 2008/98/EB um úrgang.

matvæli. Til að fylgjast með árangri sem verður við að draga úr myndun matarúrgangs ber hverju ríki enn fremur að mæla árlega umfang matarsóunar og hefur Evrópusambandið gefið út leiðbeiningar um samræmda aðferðafræði sem nota ber við mælingarnar⁸. Mælingarnar skulu hefjast árið 2020. Fjórða hvert ár ber að mæla matarsóun með ítarlegum hætti, s.s. með þeim aðferðum sem nefndar hafa verið hér að framan (2. kafli), en þess á milli er heimilt að notast við einfaldari aðferðir. Leiðbeiningarnar kveða á um að matarsóun sé mæld hjá frumframleiðslu, matvælavinnslu og -framleiðslu, smásölu og annarri dreifingu matvæla, veitingastöðum og -þjónustu og hjá heimilum.

⁸ Ákvörðun framkvæmdastjórnar (ESB) 2019/1597 frá 3. maí 2019 um viðbætur við tilskipun 2008/98/EB er varðar sameiginlega aðferðafræði og lágmarks gæðakröfur fyrir samræmdar mælingar á umfangi matarsóunar.

3. Markmið um samdrátt í matarsóun

Líkt og áður hefur komið fram ber Íslandi að uppfylla Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna er varðar matarsóun en það kveður á um að eigi síðar en árið 2030 hafi sóun matvæla á smásölumarkaði og hjá neytendum minnkað um 50% á hvern einstakling. Á sama tíma verði jafnframt nýting í matvælaframleiðslu og hjá birgðakeðjum bætt, þ.m.t. við uppskeru. Í gildi er því tölulegt markmið um samdrátt í matarsóun hjá smásöluverslunum, veitingasölu og þjónustu og hjá heimilum. Hins vegar hafa ekki verið sett töluleg markmið um samdrátt hjá frumframleiðendum og hjá matvælavinnslu. Eins og áður hefur komið fram er uppi krafa um að árlegar mælingar á matarsóun hefjist 2020 og markar fyrsta mæling grunnástand m.t.t. tölulegra markmiða. Í stað fyrstu mælingar er ríkjum þó heimilt að leggja fram tiltæk gögn um umfang matarsóunar ef þau uppfylla viðeigandi skilyrði og eru ekki eldri en frá árinu 2017.

Dæmi eru um að ríki hafi sett sér markmið um 50% samdrátt í allri virðis_keðjunni fyrir 2030. Það hafa til að mynda Norðmenn og Ástralir gert. Jafnframt hefur sérstakur samstarfsvettvangur evrópskra haghafa um matarsóun lagt til að ríki athugi möguleikann á að setja slíkt bindandi markmið.⁹ Starfshópurinn telur að það gæti styrkt aðgerðir gegn matarsóun héraendis og aukið á jákvætt viðhorf gagnvart slíkum aðgerðum ef ljóst væri að allir aðilar innan virðis_keðju matvæla þurfi, og ætli, að leggja sitt af mörkum. Atvinnulíf til jafns við almenning. Ekki megi skilja þetta mikilvæga viðfangsefni sem svo að neytendur séu að mestu ábyrgir fyrir því að árangur náist við að draga úr matarsóun. Starfshópurinn tekur þó afdráttarlaust fram að ef tölulegt markmið verður sett fyrir alla hluta virðis_keðjunnar þá verði um leið að fylgja nauðsynlegar aðgerðir sem líklegar eru til að leiða til samdráttar í matarsóun í öllum hlutum keðjunnar. Jafnframt leggur starfshópurinn áherslu á að töluleg markmið þurfi að vera raunhæf. Í ljósi framangreinds leggur starfshópurinn til að hér á landi verði sett bindandi markmið um 50% samdrátt í matarsóun í allri virðis_keðju matvæla fyrir árið 2030. Grunnástand miðast við sama viðmiðunarár og gildir fyrir töluleg markmið sem innleidd eru á grundvelli EES-samningsins. Hver hluti virðis_keðjunnar verður að uppfylla markmiðið og leggja þannig lóð sitt á vogarskálarnar. Starfshópurinn telur að gagnlegt væri að hafa vörðu á leiðinni að þessu meginmarkmiði og því leggur hann jafnframt til að sett verði

⁹ EU Platform on Food Losses and Food Waste (2019). Recommendations for Action in Food Waste Prevention.

markmið um 30% samdrátt í matarsóun í allri virðisbættu matvæla fyrir árið 2025.

4. Tillögur að aðgerðum

Mikilvægt er að hafa í huga að baráttan gegn matarsóun er flókið úrlausnarefni sem krefst margvíslegra og samþættra ráðstafana. Til að ná árangri þarf samstillt átak samfélagsins alls; atvinnulífsins, almennings og stjórnvalda. Hér á eftir fara tillögur starfshópsins að aðgerðum gegn matarsóun. Tillögurnar snúa m.a. að auknu samstarfi atvinnulífs og stjórnvalda um málefnið. Lagt er upp með að atvinnulífið setji málefnið í forgang og taki frumkvæði að aðgerðum innan sinna vébanda, stuðli að upplýsingaskiptum, fræðslu og hvatningu. Um leið komi stjórnvöld að málum með stuðningi við nýsköpun, átaki í menntun og fræðslu um matarsóun, innleiðingu hagrænna hvata, endurskoðun regluverks og árlegum mælingum á umfangi matarsóunar. Tillögurnar beinast að öllum hlutum virðisreðu matvæla, ásamt matargjöfum, og þeim er skipt í tvo hluta. Annars vegar eru 14 tillögur sem eru á ábyrgð stjórnvalda og hins vegar eru 10 tillögur sem eru á ábyrgð atvinnulífsins. Starfshópurinn telur mikilvægt að nálgast viðfangsefnið og umfjöllun um aðgerðir með jákvæðu yfirbragði og hafði það að leiðarljósi í vinnu sinni.

Tillögurnar setti starfshópurinn saman með hliðsjón af leiðbeinandi tilmælum sérstaks samstarfsvettvangs evrópskra haghafa um matarsóun¹⁰, aðgerðum sem önnur ríki hafa gripið til og tilmælum ESB um að aðgerðir gegn matarsóun felist m.a. í kynningarherferðum, fræðslu um geymslupólsmerkingar og hvötum til matargjafa. Sú sýn sem birtist í tillögum starfshópsins er meðal annars í ágætu samræmi við áherslur sem litið verður til í nýrri matvælastefnu fyrir Ísland, sem nú er í mótun á vegum stjórnvalda. Tillögurnar eru líklegar til að stuðla að sjálfbærri matvælaframleiðslu, að nýsköpun, vöruþróun og virðissköpun og þær draga fram mikilvægi þess að minnka matarsóun í allri virðisreðu matvæla, frá uppruna til neytenda.

¹⁰ EU Platform on Food Losses and Food Waste (2019). Recommendations for Action in Food Waste Prevention.

4.1 Aðgerðir á ábyrgð stjórnvalda

Aðgerð 1: Samstarf atvinnulífs og stjórnvalda gegn matarsóun.

Markmið	Að atvinnulífið taki frumkvæði í að draga úr matarsóun við matvælaframleiðslu og -vinnslu, heildsölu, flutning, smásölu og veitingasölu.
Lýsing	<p>Að draga úr matarsóun er flókið og margþætt viðfangsefni og þess vegna er mikilvægt að tryggja að aðilar úr öllum hlutum virðiskeðju matvæla leggist á eitt í baráttunni. Í þeim tilgangi er lagt til að samtök atvinnugreina og ráðuneyti geri með sér skriflegan samning um að draga úr matarsóun til ársins 2030. Samningsaðilar verði annars vegar Bændasamtök Íslands, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu og Samtök ferðaþjónustunnar og hins vegar umhverfis- og auðlindaráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytið.</p> <p>Samningnum er ætlað að vera nokkurs konar regnhlíf til að formfesta samstarf atvinnulífs og ríkis í þessari baráttu og til að mynda farveg fyrir einstök fyrirtæki til að taka þátt og leggja sitt af mörkum. Fyrirtæki skrá sig til þátttöku með því að skrifa undir viljayfirlýsingu um að vinna markvisst að markmiðum samningsins og að því að uppfylla samninginn. Það felst m.a. í að fyrirtæki setja sér markmið um að draga úr matarsóun, í samræmi við landsmarkmið, þau taka á sig skyldu til að grípa til aðgerða til að draga úr matarsóun í starfsemi sinni, að mæla árangurinn árlega og veita stjórnvöldum upplýsingar um stöðu framangreindra þátta. Fyrirtæki í einstökum geirum vinna saman að því að uppfylla samninginn og dreifa meðal sinna samstarfsaðila þekkingu og bestu starfsvenjum (e. best-practices). Innan verkefnisins er mögulegt að útfæra faglegan stuðning við þátttakendur við að greina matarsóun í starfsemi sinni og við að setja raunhæf markmið um minnkun hennar. Gert er ráð fyrir að verkefninu verði haldið á lofti af samningsaðilum, það fái fjölmiðlaumfjöllun og að fyrirtæki sem undirrita viljayfirlýsingu og taka þátt í verkefninu geti notað verkefnið til að byggja upp jákvæða ímynd meðal almennings.</p> <p>Aðgerðin er að norski fyrirmynd þar sem samtök atvinnulífs og stjórnvöld gerðu með sér samning árið 2017 um að draga markvisst úr matarsóun. Nú hafa 103 fyrirtæki í Noregi sem starfa við matvælaíðnað, smásölu og veitingasölu undirritað viljayfirlýsingu um að vinna að framgangi samningsins og að samdrætti í matarsóun til ársins 2030. Fordæmis að sambærilegu verkefni má jafnframt leita í loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar frá 2015.</p>
Tímasetning	Undirbúningur árið 2020 og framkvæmd hafin 2021. Lokið 2030.
Ábyrgð	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.
Samstarfsaðilar	Atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytið, Bændasamtök Íslands, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu og Samtök ferðaþjónustunnar.
Kostnaður	Óverulegur.
Heimsmarkmið	2, 8, 9, 11, 12, 13, 14 og 15.
Mælikvarði	Fjöldi fyrirtækja sem skrifar undir viljayfirlýsingu.

Aðgerð 2: Reglubundnar mælingar á matarsóun.

Markmið	Að mæla reglulega umfang matarsóunar í allri virðiskeðju matvæla.
Lýsing	<p>Þekking á umfangi matarsóunar er forsenda þess að mögulegt sé að setja töluleg markmið um lágmörkun matarsóunar og til að hægt sé að fylgjast með þeim árangri sem verður við að draga úr myndun matarúrgangs. Mælingar gera jafnframt að verkum að upplýsingar um orsakir matarsóunar verða betri og þá er hægt að ráðast í fyrirbyggjandi aðgerðir sem skila raunverulegum árangri. Það hefur til að mynda sýnt sig að það dregur úr ofskömmun í mötuneytum þar sem farið er í reglulegar mælingar og þær kynntar fyrir starfsfólki og notendum. Þess vegna er nauðsynlegt að koma á fót reglubundnum mælingum á umfangi matarsóunar í öllum hlutum virðiskeðju matvæla.</p> <p>Aðgerðin felst í að innleiða nýjar reglur ESB um árlegar mælingar á umfangi matarsóunar og samræmda aðferðafræði sem nota ber við mælingarnar (ákvörðun framkvæmdastjórnar (ESB) 2019/1597). Samkvæmt aðferðafræðinni ber að mæla matarsóun fjórða hvert ár með ítarlegum hætti en þess á milli er heimilt að notast við einfaldari aðferðir. Í ákvörðuninni er jafnframt kveðið á um þá atvinnugreinaflokka sem ber að mæla matarsóun hjá, ásamt heimilum.</p>
Tímasetning	Hefja árlegar mælingar 2021.
Ábyrgð	Umhverfisstofnun.
Samstarfsaðilar	Fyrirtæki í allri virðiskeðju matvæla, Bændasamtök Íslands, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök ferðaþjónustunnar og neytendur.
Kostnaður	Verður metinn við innleiðingu reglna ESB.
Heimsmarkmið	11 og 12.
Mælikvarði	Árleg mæling á umfangi matarsóunar.

Aðgerð 3: Rannsóknir á orsökum matarsóunar á heimilum.

Markmið	Að skilja af hverju neytendur henda mat.
Lýsing	<p>Stærsti hluti matarsóunar á sér stað eftir að neytendur kaupa vörunar. Skilja þarf betur hvað það er sem veldur matarsóun til að vita hvað þarf að gera til að minnka matarsóun. Hér er ekki um að ræða rannsókn á hversu mikið af mat fer í ruslið heldur af hverju hann endar í ruslinu. Hægt er að breyta ýmsu í aðfangakeðjunni til að koma til móts við síbreytilegar þarfir neytenda. Þannig geta seljendur aðlagð framboð og upplýsingagjöf til að koma í veg fyrir matarsóun, t.d. magn í einingu, upplýsingar um geymsluþol o.s.frv.</p> <p>Umhverfisstofnun hefur í tvígang (2015 og 2017) látið framkvæma úrtaksrannsókn á landsvísu á viðhorfi almennings til matarsóunar og var þá m.a. spurt um ástæður þess að fólk hendi mat. Mikilvægt er að halda þessari rannsókn áfram og framkvæma hana árlega, ásamt því að finna fleiri aðferðir til að neytendur geti upplýst um matarsóun sína og hvað veldur matarsóun. Hægt er m.a. að nota merkingar á umbúðum til að koma skilaboðum á framfæri um matarsóun, t.d. í gegnum strikamerki, QR kóða eða þróa aðrar aðferðir. Hér eru tækifæri til að finna nýstárlegar leiðir til að koma þessum upplýsingum frá neytendum á framfæri.</p>
Tímasetning	Frá og með 2020.
Ábyrgð	Umhverfisstofnun.
Samstarfsaðilar	Samtök verslunar og þjónustu, frumframleiðendur, framleiðendur og smásalar.
Kostnaður	400 þús. kr. á ári fyrir rannsókn.
Heimsmarkmið	12.
Mælikvarði	Þróun á viðhorfi almennings til matarsóunar.

Aðgerð 4: Upplýsingamiðlun um matarsóunarverkefni.

Markmið	Að halda á miðlægan hátt utan um gögn og upplýsingar um verkefni sem taka á matarsóun og miðla þeim áfram til almennings.
Lýsing	<p>Í jafn flóknu og yfirgripsmiklu verkefni og að draga úr matarsóun þjóðar er, sem snertir alla í samfélaginu, er mikilvægt að upplýsingamiðlun sé eins greið og mögulegt er. Á það m.a. við um miðlun upplýsinga um umfang matarsóunar, aðgerðir sem gripið hefur verið til og aðgerðir sem stendur til að ráðast í.</p> <p>Lagt er til að Umhverfisstofnun hafi það verkefni áfram, rétt eins og til þessa, að miðla fréttum, niðurstöðum og öðrum upplýsingum um verkefni sem fjalla um matarsóun, m.a. í gegnum vefsíðu eins og matarsóun.is og samfélagsmiðla. Efnið er m.a. fengið frá samráðshópum um matarsóun og frá samstarfsaðilum, sbr. aðgerð 1 hér að framan og aðrar aðgerðir sem hér eru lagðar til.</p>
Tímasetning	Hefja 2020.
Ábyrgð	Umhverfisstofnun.
Samstarfsaðilar	Bændasamtök Íslands, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök ferðaþjónustunnar, fyrirtæki og frjáls félagasamtök.
Kostnaður	1 m.kr. á ári.
Heimsmarkmið	11 og 12.
Mælikvarði	Þekking almennings á matarsóun, s.s. orsökum, afleiðingum og á því sem verið er að gera til að vinna gegn henni.

Aðgerð 5: Bætt menntun um matarsóun.

Markmið	Að auka kennslu um matarsóun og að tryggja aðgengi að kennsluefni um matarsóun innan menntakerfisins og innan viðeigandi iðngreina.
Lýsing	<p>Leggja þarf grunn að breyttum hugsunarhætti fólks með því að ala upp kynslóðir sem henda ekki mat. Hluti af því felst í aukinni formlegri kennslu um matarsóun, afleiðingar hennar og aðferðir til að draga úr henni, t.d. um geymslublótsmerkingar, geymslu matvæla og lengingu neyslutíma þeirra. Á það við um öll skólastig, frá leikskóla til sveinsprófs í viðkomandi iðnnámi og náms í vöruhönnun. Einnig þarf að huga að formlegri fræðslu til ófaglærðra innan atvinnulífsins, s.s. starfsmanna í matvælaframleiðslu, matreiðslu og framreiðslu. Það má t.d. gera með örnámskeiðum, myndbandsnámskeiðum og með fleiri lausnum á nokkrum tungumálum. Hvort tveggja væri mögulegt að standa að fræðilegum námskeiðum og að miðla reynslusögum frá aðilum sem hafa stigið markviss skref til að sporna við matarsóun. Fyrirtæki í matvælaframleiðslu kljást við mismunandi áskoranir og því er mikilvægt að sýna fram á margar leiðir að takmarkinu.</p> <p>Lagt er til að tekið verði upp breitt samstarf og gerð ítarleg greining á því hvaða kennsluefni er til um matarsóun fyrir öll skólastig og hvernig kennslu og formlegri fræðslu um matarsóun er háttáð. Jafnframt verði árangur af kennslunni metinn og greint hvar úrbóta sé þörf. Að greiningunni lokinni verði gripið til viðeigandi aðgerða til að tryggja framboð og aðgengi að kennsluefni um matarsóun.</p>
Tímasetning	Hefja 2021.
Ábyrgð	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.
Samstarfsaðilar	Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Menntamálastofnun, Menntaskólinn í Kópavogi, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Listaháskóli Íslands, Matvælasúskólinn, Iðan fræðslusetur, Landvernd/Grænfránaskólar, Vakandi, Félag hússtjórnar- og heimilisfræðikennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisstofnun.
Kostnaður	Kostnaður við greiningu er óverulegur en kostnaður við gerð kennsluefnis þarf að meta.
Heimsmarkmið	4 og 12.
Mælikvarði	Fjöldi skólastiga/bekkja sem fær kennslu um matarsóun.

Aðgerð 6: Saman gerum við heiminn betri.

Markmið	Auka vitund almennings um matarsóun og afleiðingar matarsóunar.
Lýsing	<p>Síðustu ár hefur farið fram talsverð upplýsingagjöf og fræðsla sem beint hefur verið að almenningi. Samt sem áður benda mælingar á umfangi matarsóunar og kannanir á viðhorfi almennings til matarsóunar til þess að breytingar hafi ekki orðið miklar til hins betra. Helstu ástæður matarsóunar sem þátttakendur gefa jafnan upp er að matur sé útrunninn, matur sé skemmdur og að of mikill matur sé eldaður. Það er því mikið verk eftir óunnið við að auka vitund almennings um málefnið.</p> <p>Lagt er til að upplýsingagjöf og fræðsla til almennings verði haldið áfram. Lögð verði áhersla á vandað fræðsluefni og herferðir til þess að ná til almennings, s.s. um mismunandi geymsluþolsmerkingar, þýðingu merkinga á matvælum og geymsluþol. Einnig um geymslu matvæla, máltíðarskipulag (t.d. möguleika á frystingu), örugga meðhöndlun matvæla, mataruppskriftir til að forðast sóun, uppruna matvæla og verðmætin sem liggja að baki þeim. Leggja þarf sérstaka áherslu á aðstæður þegar neysla er mikil, t.d. í kringum hátíðir. Smásalar og framleiðendur taki höndum saman með Umhverfisstofnun um framkvæmd verkefnisins.</p>
Tímasetning	Hefja 2020.
Ábyrgð	Umhverfisstofnun.
Samstarfsaðilar	Fyrirtæki í allri virðiskeðju matvæla, Bændasamtök Íslands, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök ferðaþjónustunnar og frjáls félagasamtök.
Kostnaður	9 m.kr. á ári.
Heimsmarkmið	11 og 12.
Mælikvarði	Umfang matarsóunar á heimilum.

Aðgerð 7: Útgáfa leiðbeininga um rétt fyrirkomulag matargjafa.

Markmið	Að allir aðilar í framboðskeðjunni geti nálgast með auðveldum hætti reglur um gjafir á afgangi mat og góð fordæmi.
Lýsing	<p>Matargjafir þurfa að verða hluti af matarframboðskeðjunni. Mikilvægt er að kynna góð fordæmi fyrir matargjöfum og skýra verklag við rétta dreifingu á afgangi mat. Þannig eru aðilar hvattir til að gefa afgangi mat. Tryggja þarf að matargjafir séu gerðar meira aðlaðandi fyrir fyrirtæki, sérstaklega fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, fremur en að farga matvælunum eða nýta þau í jarðgerð.</p> <p>Lagt er til að gefnar verði út leiðbeiningar um fyrirkomulag við matargjafir til að skýra þá þætti sem skipta máli til að matargjafir geti átt sér stað, s.s. leiðbeiningar um hollustuhætti matvæla. Jafnframt er lagt til að leiðbeiningarnar innihaldi góð, innlend fordæmi um matargjafir úr allri matarframboðskeðjunni. Leiðbeiningunum er ætlað að sjá til þess að matur sem gefinn eru fólki í neyð sé öruggur, taki mið af meginreglum heilsusamlegs mataræðis og sé afhentur með virðulegum hætti.</p>
Tímasetning	2020.
Ábyrgð	Matvælastofnun.
Samstarfsaðilar	Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Umhverfisstofnun, hjálparstofnanir og frjáls félagasamtök sem sjá um matargjafir o.fl.
Kostnaður	Þarf að meta sérstaklega.
Heimsmarkmið	2 og 11.
Mælikvarði	Magn matarúrgangs frá matvælaframleiðslu, sölu matvæla og veitingaþjónustu.

Aðgerð 8: Nýsköpun, rannsóknir og þróun sem draga úr matarsóun.

Markmið	Að fjölga nýsköpunarverkefnum sem draga úr matarsóun og auka aðgang slíkra verkefna að nýsköpunarstyrkjum.
Lýsing	<p>Mikilvægt er að styðja við nýsköpunarverkefni sem hafa það markmið að draga úr matarsóun, s.s. í frumframleiðslu, matvælavinnslu og vegna matargjafa. Rannsóknir, nýsköpun og þróun í frumframleiðslu ýtir undir hagkvæmari og betri framleiðslu og flýtir innleiðingu nýrrar tækni innan geirans, sbr. fjórðu iðnbyltinguna. Í matvælavinnslu nýtast rannsóknir og nýsköpun til að þróa nýjar vörur sem unnar eru úr aukaafurðum og annars yrðu að úrgangi. Nauðsynlegt er að þeir sem vilja nýta afgangsmat til nýsköpunar við matargjafir hafi aðgang að fjármagni.</p> <p>Nú þegar eru starfræktir sjóðir á vegum ríkisins sem styðja við rannsóknir og nýsköpun:</p> <ul style="list-style-type: none"> -Rannsóknasjóður og Tækniþróunarsjóður, sem Rannís rekur. -AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi starfar á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og veitir styrki til rannsóknaverkefna sem auka verðmæti sjávarfangs. -Loftslagssjóður heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðherra og hefur það hlutverk að styðja við nýsköpunarverkefni á sviði loftslagsmála og verkefni sem lúta að kynningu og fræðslu um áhrif loftslagsbreytinga. Styrkir eru meðal annars ætlaðir til þess að styrkja rannsóknir og þróunarstarf í tengslum við innleiðingu á nýjum loftslagsvænum tæknilausnum og hönnun. -Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur lagt fram frumvarp á Alþingi um stofnun Matvælasjóðs. Samkvæmt frumvarpinu er hlutverk sjóðsins að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaði og sjávarútvegi, til að styrkja verðmætasköpun í þessum greinum. <p>Lagt er til að leitað verði leiða til þess að við styrkveitingar framangreindra sjóða verði meiri áhersla lögð á verkefni sem leiða til samdráttar í matarsóun.</p>
Tímasetning	Hefja 2021.
Ábyrgð	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.
Samstarfsaðilar	Mennta- og menningarmálaráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Rannsóknamiðstöð Íslands, Bændasamtök Íslands, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtök iðnaðarins.
Kostnaður	Óverulegur.
Heimsmarkmið	2, 8, 9, 12, 13, 14 og 15.
Mælikvarði	Fjöldi styrktra verkefna sem tengjast matarsóun.

Aðgerð 9: Innleiðing hagræns hvata sem dregur úr matarsóun.

Markmið	Að gjaldheimta fyrir meðhöndlun úrgangs hvetji til lágmörkunar matarsóunar hjá fyrirtækjum og heimilum.
Lýsing	<p>Aðgerðin felst í innleiðingu „borgaðu þegar þú hendir“ (e. pay as you throw) aðferðar við gjaldheimtu fyrir meðhöndlun úrgangs. Aðferðin snýst um að tengja magn og tegund úrgangs við kostnað úrgangshafa. Annars vegar er hægt að miða gjaldheimtuna við rúmmál, þ.e. fjölda og/eða stærð íláta og/eða losunartíðni og hins vegar við þyngd úrgangsins. Þannig eru hagrænir hvatar nýttir til að draga úr úrgangsmýndun, þar með talið matarúrgangs. Fjölmörg fordæmi að útfærslu svona kerfis er að finna í öðrum ríkjum Evrópu og hefur Evrópusambandið útbúið leiðbeiningar um innleiðingu þess.</p> <p>Í dag leggja flest sveitarfélög á eitt gjald fyrir meðhöndlun úrgangs á heimili óháð magni og tegund úrgangs. Gjaldheimta þjónustuaðila fyrir úrgang frá fyrirtækjum og stofnunum er að einhverju leyti tengd magni og tegund þar sem rekstraraðilar greiða oftast eftir stærð og fjölda íláta og losunartíðni. Þessi tenging hefur þó ekki verið könnuð sérstaklega. Mikilvægt er að tryggja við innleiðingu breyttrar gjaldheimtu að hún verði hagkvæm og kalli ekki á óhóflega innviðafjárfestingu sveitarfélaga eða annarra sem að henni standa.</p> <p>Með „borgaðu þegar þú hendir“ kerfi væri hægt að gera sóun matvæla kostnaðarsamari en forvarnir gegn henni. Í dag getur í sumum tilfellum verið hagkvæmara að jarðgera eða farga matarúrgangi, þ.e. urða eða brenna, en að búa þannig um hnútana að matarúrgangur falli ekki til eða að afgangsmatur nýtist til manneldis, s.s. með matargjöfum. Sér í lagi í þeim tilfellum sem slíkt krefst breytinga á vinnulagi, s.s. geymslu og flutnings, auk utanumhalds um að matnum sé komið þangað sem hann nýtist. Þess vegna er nauðsynlegt að beita hagrænni hvatningu til fyrirtækja, stofnana og neytenda til að beina þeim í þá átt að draga úr myndun matarúrgangs og að gefa frekar mat en að fleygja honum.</p>
Tímasetning	Hefja 2020 og miða við að komi til framkvæmdar 2021.
Ábyrgð	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga.
Samstarfsaðilar	Samtök atvinnulífsins og Umhverfisstofnun.
Kostnaður	Kostnað við uppsetningu kerfisins þarf að meta sérstaklega.
Heimsmarkmið	11 og 12.
Mælikvarði	Magn matarúrgangs sem fellur til og fer til meðhöndlunar.

Aðgerð 10: Umbun fyrir matargjafir.

Markmið	Að innleiða hagrænan hvata til matargjafa og annarrar dreifingar matvæla til manneldis, sem annars færu til spillis.
Lýsing	Lagt er til að leitað verði leiða til að taka upp kerfi sem umbunar þeim sem velja að gefa matvæli frekar en að henda þeim. Ákjósanlegt er að slíkt kerfi væri auðvelt og einfalt í framkvæmd. Nefnd eru sem dæmi um mögulegar útfærslur s.s. afslættir af opinberum gjöldum eða sköttum. Fordæmi fyrir slíkum ívilnunum má finna í Noregi.
Tímasetning	Hefja 2021.
Ábyrgð	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.
Samstarfsaðilar	Fjármála- og efnahagsráðuneytið o.fl.
Kostnaður	þarf að meta sérstaklega.
Heimsmarkmið	2 og 11.
Mælikvarði	Magn matarúrgangs frá matvælaframleiðslu, sölu matvæla og veitingaþjónustu.

Aðgerð 11: Umbætur á regluverki og eftirliti með matvælaframleiðendum.

Markmið	Að regluverk, ákvæði starfsleyfa matvælafyrirtækja og eftirlit stuðli ekki að matarsóun, með það að markmiði að tryggja hámarksnýtingu matvæla.
Lýsing	<p>Mikilvægt er að lög og reglur sem taka til matvælaframleiðslu verði ekki til þess að auka sóun og að þau styðji við matargjafir. Eins er mikilvægt að eftirlit með matvælaframleiðslu sé samræmt yfir landið allt. Borið hefur á því að ekki séu gerðar sömu kröfur af eftirlitsaðilum um landið eða að þeir túlki gildandi reglur með mismunandi hætti, s.s. varðandi geymslupólsmerkingar. Ennfremur er mikilvægt að útgefandi starfsleyfis geri kröfu um að við innra eftirlit sé hugað að því að lengja neyslutíma matvara, s.s. varðandi viðeigandi búnað (hraðkæla/frysta, pökkunarvélar o.s.frv.) og þekkingu. Jafnframt myndu leiðbeiningar eftirlitsaðila um leyfilega nýtingu matarskammta gagnast veitingamönnum.</p> <p>Lagt er til að farið verði yfir viðeigandi regluverk m.t.t. þess hvort gildandi ákvæði geti aukið matarsóun og hamlað matargjöfum, s.s. varðandi mögulega íþyngjandi ábyrgð þess sem gefur. Í þessu sambandi er vísað til tilmæla sem ESB gaf út um matargjafir árið 2017 sem m.a. skýra beitingu viðeigandi ESB-reglna í tengslum við matargjafir. Jafnframt er lagt til að gripið verði til nauðsynlegra ráðstafana til að samræma matvælaeftirlit og að við útgáfu starfsleyfa fyrir matvælaframleiðslu verði hugað að ákvæðum um innra eftirlit sem snúa að því að lengja neyslutíma matvæla. Enn fremur að útbúnaðar verði einfaldar leiðbeiningar um leiðir sem heimilar eru til að nýta matarskammta sem falla til án þess að stefna heilbrigði neytenda í hættu.</p>
Tímasetning	2020-2022.
Ábyrgð	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.
Samstarfsaðilar	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Matvælastofnun, heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, Umhverfisstofnun, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök ferðaþjónustunnar, frjáls félagasamtök sem stunda matargjafir o.fl.
Kostnaður	Óverulegur.
Heimsmarkmið	2, 11 og 12.
Mælikvarði	Magn matarúrgangs frá matvælafyrirtækjum.

Aðgerð 12: Endurskoðun á reglum sem varða stórelhdús og nýtingu á afgangshráefni.

Markmið	Að gera stórum mötuneytum kleift að nýta það sem er til í rétti dagsins og stuðla þannig að minni sóun.
Lýsing	<p>Mötuneyti yfir ákveðinni stærð eru skyldug til að hafa fullbúna innihaldslýsingu og næringaryfirlýsingu á öllum mat sem þau bera fram, jafnt forpökkuðum mat og þeim sem seldur er úr hlaðborði. Þetta gerir það nær ómögulegt fyrir þessa aðila að bregðast við og nýta að fullu það hráefni sem til er í húsi hverju sinni, t.d. sem hráefni í súpu dagsins eða í rétt dagsins.</p> <p>Lagt er til að endurskoðað verði viðeigandi regluverk þannig að stórelhdús megi bera fram rétt dagsins eingöngu merktan ofnæmisvöldum en þurfi ekki að birta næringaryfirlýsingu. Mikilvægt er að tryggja að endurskoðunin hafi ekki áhrif á matvælaöryggi.</p>
Tímasetning	2020.
Ábyrgð	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.
Samstarfsaðilar	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Matvælastofnun.
Kostnaður	Óverulegur.
Heimsmarkmið	11 og 12.
Mælikvarði	Magn matarúrgangs frá mötuneytum.

Aðgerð 13: Samstilling framboðs og eftirspurnar í landbúnaði.

Markmið	Að framleiða búvörur í samræmi við eftirspurn á markaði og að regluverk um landbúnað stuðli ekki að offramleiðslu matvæla.
Lýsing	<p>Bætt framleiðslustjórnun í landbúnaði stuðlar að því að framleiddar verða þær vörur sem markaðurinn óskar eftir hverju sinni. Framleiðsluferlar í landbúnaði eru langir og með því að gera vandaðar áætlanir sem byggja á rannsóknum og gögnum má lágmarka sóun. Mikilvægt er að gera bændum kleift að deila upplýsingum sem bætt geta framleiðslustjórnun í greininni, s.s. upplýsingum um horfur á markaði svo þeir geti samræmt framboð betur við markaðsþörf og forðast offramboð. Með bættri upplýsingagjöf um markaðinn, s.s. um framleiðsluspár, neyslu o.s.frv., væri mögulegt að koma í veg fyrir offramleiðslu á einni afurð og skort á annarri.</p> <p>Jafnframt þarf að gæta að því að stuðningskerfi landbúnaðarins hvetji ekki til offramleiðslu á afurðum. Nauðsynlegt er því að rýna regluverk tengt landbúnaði í þeim tilgangi að stilla framleiðslu í takt við eftirspurn. Stuðning við matvælaframleiðslu ætti að tengja sjálfbærni í auknum mæli.</p>
Tímasetning	Hefja 2021.
Ábyrgð	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.
Samstarfsaðilar	Bændasamtök Íslands, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Landbúnaðarháskóli Íslands, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.
Kostnaður	Óverulegur.
Heimsmarkmið	11 og 12.
Mælikvarði	Magn matarúrgangs sem fellur til við landbúnað.

Aðgerð 14: Bætt regluverk um nýtingu lífræns hráefnis.

Markmið	Að lágmarka takmarkanir sem snúa að nýtingu matarúrgangs frá matvælaframleiðslu og aukaafurða úr dýrum.
Lýsing	<p>Það er mikilvægur hluti matvælaekstrar að hafa möguleika til að framleiða afurðir og skapa verðmæti úr hráefnum sem ekki tekst að gera að seljanlegri matvöru fyrr í virðiskeðjunni, s.s. með framleiðslu á kjötmjöli, fitu eða matarolíu. Notkun á slíkum afurðum getur jafnframt dregið úr umhverfisáhrifum, s.s. með því að draga úr þörf fyrir innflutning á tilbúnum áburði. Komið hafa fram ábendingar um að möguleikar á notkun og sölu á slíkum afurðum séu háðir meiri takmörkunum hér á landi en í sumum nágrennalöndum. Mikilvægt er að reglur sem um þetta gilda styðji við það að næringarefnum sé komið aftur í hringrás.</p> <p>Aðgerðin felst í að athuga hvað önnur lönd í Evrópu gera hvað varðar nýtingu á aukaafurðum úr dýrum og öðrum matarúrgangi frá matvælaframleiðslu, s.s. nýtingu í svínarækt, kjúklingarækt og ræktun á skordýrum til próteinframleiðslu. Jafnframt að athuga hvort strangari reglur gilda um framangreinda nýtingu hér á landi en í nágrennaríkjum og, ef svo er, að laga reglurnar þannig að þær takmarki ekki notkunarmöguleika meira en nauðsynlegt er.</p>
Tímasetning	Hefja 2021.
Ábyrgð	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið.
Samstarfsaðilar	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Matvælastofnun, heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, Matís ohf. og Umhverfisstofnun.
Kostnaður	Óverulegur.
Heimsmarkmið	12, 14 og 15.
Mælikvarði	Aukin nýting matarúrgangs og aukaafurða frá matvælaframleiðslu.

4.2 Aðgerðir á ábyrgð atvinnulífsins

Aðgerð 15: Vitundarvakning meðal frumframleiðenda.

Markmið	Að auka þekkingu frumframleiðenda á hvað matarsóun er og mögulegum aðgerðum til að sporna við henni.
Lýsing	<p>Það skortir þekkingu meðal frumframleiðenda á matarsóun og á mögulegum aðgerðum sem þeir geta gripið til gegn henni, t.d. á möguleikum til aukinnar nýtingar hliðarafurða og verðmætasköpunar úr þeim.</p> <p>Aðgerðin felst í að greina þær hliðarafurðir sem falla til í frumframleiðslu og fara ekki á markað, s.s. vegna útlits eða annarra galla. Í kjölfarið verður settur á laggirnar hópur sem gerir tillögur að því hvernig má auka verðmætasköpun úr því sem til fellur og gerir leiðbeiningar til frumframleiðenda þar um.</p>
Tímasetning	Hefja 2021.
Ábyrgð	Bændasamtök Íslands og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi.
Samstarfsaðilar	Matís, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Landbúnaðarháskóli Íslands, Umhverfisstofnun, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, umhverfis- og auðlindaráðuneytið.
Kostnaður	Óverulegur.
Heimsmarkmið	12, 14 og 15.
Mælikvarði	Magn matarúrgangs sem fellur til við frumframleiðslu.

Aðgerð 16: Vitundarvakning meðal matvælaframleiðenda.

Markmið	Að auka þekkingu matvælaframleiðenda á hvað matarsóun er og mögulegum aðgerðum til að sporna við henni.
Lýsing	<p>Það virðist skorta þekkingu meðal matvælaframleiðenda á matarsóun og á mögulegum aðgerðum sem þeir geta gripið til gegn henni, t.d. á möguleikum til aukinnar nýtingar hliðarafurða og verðmætasköpunar úr þeim.</p> <p>Aðgerðin felst í að greina þær hliðarafurðir sem falla til í matvælavinnslu og heildsölu og fara ekki á markað. Í kjölfarið verður settur á laggirnar hópur sem gerir tillögur að því að auka verðmætasköpun úr því sem til fellur og gerir leiðbeiningar til matvælaframleiðenda þar um. Slíkar leiðbeiningar gætu verið sérstaklega gagnlegar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.</p> <p>Mikilvægt er að tryggja tengingu við frumframleiðslu með flæði upplýsinga.</p>
Tímasetning	Hefja 2021.
Ábyrgð	Samtök iðnaðarins.
Samstarfsaðilar	Matís, Umhverfisstofnun, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og umhverfis- og auðlindaráðuneytið.
Kostnaður	Óverulegur.
Heimsmarkmið	12, 14 og 15.
Mælikvarði	Magn matarúrgangs sem fellur til við matvælavinnslu.

Aðgerð 17: Forgangsverkefni smásala.

Markmið	Að virkja og þjálfa starfsmenn í baráttunni gegn matarsóun.
Lýsing	Að hluti af menningu fyrirtækis sé áhersla á að draga úr matarsóun. Starfsmenn séu hvattir til að taka þátt í og koma með hugmyndir að leiðum til að draga úr matarsóun. Hluti af þjálfun starfsmanna er að upplýsa um mikilvægi þess að draga úr matarsóun.
Tímasetning	2020.
Ábyrgð	Samtök verslunar og þjónustu.
Samstarfsaðilar	Verlanir, Umhverfisstofnun, Vakandi, Festa miðstöð um samfélagslega ábyrgð o.fl.
Kostnaður	Óverulegur.
Heimsmarkmið	9 og 11.
Mælikvarði	Vitund starfsmanna um matarsóun í fyrirtækinu, fjöldi hugmynda sem koma frá starfsmönnum með það að markmiði að draga úr matarsóun og magn matarúrgangs sem fellur til í rekstri sem hlutfall af sölu.

Aðgerð 18: Samstilling framboðs og eftirspurnar í smásölu.

Markmið	Að draga úr matarsóun með því að auka samstarf framleiðenda, heildverslana og smásala.
Lýsing	<p>Smásalar og birgjar sameinast um það að draga úr matarsóun með því að deila upplýsingum um eftirspurn og ná þannig að stýra innkaupum, framleiðslu og dreifingu á skilvirkari hátt. Samstarf aðila getur líka tekið á því að þróa betri spálíkön fyrir eftirspurn matvæla. Það hjálpar smásölum ásamt framleiðendum og heildverslunum að gera pantanir sem eru nær þeirri eftirspurn sem verður. Miklar sveiflur geta verið í sölu en með góðum spálíkönnum er hægt að vera betri í því að samræma framboð og eftirspurn. Mikil tækifæri eru til að auka sjálfvirkni í innkaupum og pöntunum til að draga úr matarsóun.</p> <p>Jafnframt munu smásalar og birgjar sammælast um að leita leiða til að útfæra geymslupolsmerkingar á matvælum sem stuðla að því að draga úr matarsóun, án þess þó að slakað verði á kröfum um öryggi. Sem dæmi má nefna „best før, ofte god etter“ í Noregi. Mikilvægt er að smásalar og birgjar veiti réttar upplýsingar á merkimiða eða á netinu til að upplýsa og fræða neytendur um vörueiginleika, rétta geymslu og geymslupól.</p>
Tímasetning	Hefja 2020.
Ábyrgð	Samtök verslunar og þjónustu.
Samstarfsaðilar	Bændasamtök Íslands, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtök iðnaðarins, framleiðendur, heildverslanir, smásalar, fyrirtæki sem selja birgðastýringalausnir, frumkvöðlar o.fl.
Kostnaður	Kostnaður við tæknilega útfærslu við að koma gögnum skilvirkt frá verslunum til framleiðenda og þróun spálíkana.
Heimsmarkmið	9, 11, 12, 14 og 15.
Mælikvarði	Hlutfall innkaupa á matvælum sem ekki selst.

Aðgerð 19: Allar vörur fari út um réttar dyr smásala.

Markmið	Að henda ekki matvælum eða taka til baka matvæli sem hafa verið afhent smásölum.
Lýsing	<p>Þegar framboð matvæla er meira en eftirspurn myndast umframmagn sem ekki er hægt að selja. Þetta á við um allar vörur en ferskvörur eru þó viðkvæmari þar sem geymsluþol er takmarkað. Framleiðendur, heildverslanir og smásalar þurfa að finna sameiginlega lausn sem er hagkvæmari fyrir alla í samanburði við það að farga vörum. Skipta má ferlinu upp í þrennt:</p> <p>i) Lækka verð á vörum sé ljóst að framboð er meira en eftirspurn. Það má gera á skilvirkan hátt með databar-strikamerkjum sem lesa meðal annars geymsluþol og þannig er hægt að lækka verð á vörum sjálfkrafa að teknu tilliti til líftíma sem eftir er.</p> <p>ii) Að finna matvælum nýjan tilgang með því að, í verslunum þar sem því verður við komið, setja upp ferli þar sem hægt er að nýta matvæli sem eru að komast á tíma á annan hátt en með beinni sölu. Sem dæmi má nefna að nota matvælin í súpur eða djúsa og selja þannig.</p> <p>iii) Ef magnið er enn of mikið til að verslunin geti nýtt matvælin sjálf þá þarf að koma vörum í annan farveg og mikilvægt er að búa til þann vettvang og hvetja jafnvel verslanir til að gefa afgangsmat. Horfa má til reglna um matargjafir verslana í Frakklandi og nýta reynslu þaðan. Jafnframt eru ýmsar fyrirmyndir til að snjallforritum sem hafa það markmið að koma umframmagni til þeirra sem geta notað matvælin. Mikilvægt er að koma slíkum lausnum í notkun. Þessi hluti aðgerðarinnar tengist tillögum að aðgerðum um matargjafir.</p> <p>Þessi aðgerð tekur til heildsala til jafns við smásala.</p>
Tímasetning	Undirbúningur 2020 og hefja framkvæmd 2021.
Ábyrgð	Samtök verslunar og þjónustu.
Samstarfsaðilar	Verslanir, heildverslanir, framleiðendur, viðskiptavinir, góðgerðarfélag, frumkvöðlar o.fl. sem nýtt geta matvæli.
Kostnaður	Þróun á tækni við útfærslu við að lækka verð og eins kostnaður við að útbúa vettvang (snjallforrit) þar sem hægt er að koma umfram magni í umferð. Fjárfesting í aðstöðu, tækjum og mannafla vegna nýjunga við nýtingu matvæla.
Heimsmarkmið	9 og 11.
Mælikvarði	Hlutfall innkaupa sem ekki selst og er hent, hlutfall innkaupa sem selt er á afslætti vegna umfram magns, verðmæti matvæla sem fá nýjan tilgang og hlutfall innkaupa sem er gefið.

Aðgerð 20: Forgangsverkefni veitingamanna.

Markmið	Hafa áhrif á væntingar og hegðun neytenda til þess að draga úr og koma í veg fyrir sóun.
Lýsing	<p>Fyrirtæki í matvælaþjónustu ættu að tryggja að þjónustufólk geti rætt við viðskiptavinum um hluti eins og skammtastærðir, úrval á matseðli o.s.frv. Svokölluð hnipping (e. nudging) getur einnig hjálpað neytendum við það að velja góða kosti hvað varðar framboð rétta og skammtastærðir og annað því um líkt með því m.a. að:</p> <p>i) Greina þá staði þar sem neytandi á veitingastað eða í matsal tekur ákvarðanir varðandi matarval og því næst birta upplýsingar eða breyta uppstillingu upplýsinga.</p> <p>ii) Koma upp greiðslustefnu sem er í takt við starfsemi og umgjörð fyrirtækja, t.d. að rukka í samræmi við þyngd matar eða að rukka viðskiptavinum fyrir matarafganga á veitingastöðum sem bjóða upp á hlaðborð.</p> <p>iii) Leyfa viðskiptavinum að panta minni skammta eða deila máltíð.</p> <p>iv) Upplýsa viðskiptavinum um að matvælaþjónustufyrirtækið er að berjast gegn matarsóun.</p> <p>v) Matsalir og veitingastaðir með hlaðborð fari í „taktu allt sem þú getur borðað - en mundu að borða það sem þú tekur“ herferð.</p> <p>vi) Fyrirtæki og stofnanir leyfi viðskiptavinum sýnum að taka afganga með heim, ef þeir biðja um það.</p>
Tímasetning	Hefja 2020.
Ábyrgð	Samtök ferðaþjónustunnar.
Samstarfsaðilar	Fyrirtæki í matvælaþjónustu, mötuneyti og Umhverfisstofnun.
Kostnaður	Óverulegur.
Heimsmarkmið	11 og 12.
Mælikvarði	Magn matarúrgangs sem fellur til í veitingaþjónustu.

Aðgerð 21: Matvælafulltrúi og uppsetning matvælakjarna.

Markmið	Að styðja við matarfrumkvöðla með bættri og útbreiddari aðstöðu.
Lýsing	<p>Lagt er til að settir verði upp matvælakjarnar (matarsmiðjur) á nokkrum stöðum á landinu en það eru vottuð vinnslurými sem frumkvöðlar og smærri aðilar geta leigt aðstöðu í til að framleiða og þróa vörur. Matvælafulltrúi er starfsmaður sem heldur utan um starfsemiina auk þess að halda utan um hver framleiðir hvað á viðkomandi landsvæði. Horft er til góðrar reynslu af sambærilegri aðstöðu hjá Matís en þó með þeim möguleika að fyrirtæki gætu haldið áfram framleiðslu þótt þau væru komin af vöruþróunarstiginu.</p> <p>Starfsmaður matvælakjarnans, þ.e. matvælafulltrúinn, er jafnframt tengiliður milli frumframleiðenda, matvælavinnslna, ferðaþjónustuaðila og veitingafólks á viðkomandi svæði, til þess að hámarka nýtingu hráefnis á hverju svæði. Mögulegt gæti verið að tengja starfsemi matarsmiðja og starf matvælafulltrúa við markaðsstofur landshlutanna, atvinnuþróunarfélögin eða landshlutasamtök sveitarfélaga á hverjum stað.</p>
Tímasetning	Hefja 2020.
Ábyrgð	Matís ohf.
Samstarfsaðilar	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga, atvinnuþróunarfélög, markaðsstofur landshlutanna, Vörusmiðja BioPol og Matarsmiðja Vesturlands.
Kostnaður	þarf að meta sérstaklega á hverjum stað.
Heimsmarkmið	8, 9, 12, 14 og 15.
Mælikvarði	Fjöldi matvælakjarna um landið.

Aðgerð 22: Opinn markaður með hliðarafurðir.

Markmið	Að auka verðmætasköpun úr hliðarafurðum.
Lýsing	<p>Oft fellur til hráefni í einni vinnslu sem nýst getur í aukinni verðmætasköpun hjá öðrum. Mikið fellur til t.d. í grænmetisræktun sem ekki selst sem ferskur fyrsti flokkur en hentar mjög vel til einhvers konar matvælavinnslu. Stuðla þarf að samstarfi á milli framleiðslustiga til að allt hráefni nýtist og tengja saman kaupendur, seljendur og flutningsaðila.</p> <p>Lagt er til að settur verði upp rafrænn markaður líkt og fiskmarkaðir eru í dag, þar sem boðið er í þær vörur sem falla til, fækka þannig milliliðum og auka nýtingu. Setja þarf markaðinn upp, kynna hann meðal haghafa og fá þá til að skuldbinda sig til að nota markaðinn. Um er að ræða sambærilegt verkefni og Umhverfisstofnun hóf fyrir fáeinum árum undir yfirskriftinni Auðlindatorgið. Athuga má hvort mögulegt sé að byggja á þeim grunni en það verkefni er nú vistað hjá Klöppum ehf.</p>
Tímasetning	Hefja 2021.
Ábyrgð	Bændasamtök Íslands. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtök iðnaðarins.
Samstarfsaðilar	Landbúnaðarklasinn, Sjávarklasinn.
Kostnaður	Þarf að meta sérstaklega.
Heimsmarkmið	9, 11, 12, 14 og 15.
Mælikvarði	Magn matarúrgangs sem fellur til við frumframleiðslu og matvælavinnslu.

Aðgerð 23: Matarbankinn.

Markmið	Að færa mat sem nú þegar er til til þeirra er þurfa á honum að halda.
Lýsing	<p>Komið verði á laggirnar matarbanka (fæðumiðlun), þ.e. miðstöð sem auðveldar dreifingu á mat frá matvælaíðnaðinum til stofnana og annarra aðila sem styðja við þá sem á matnum þurfa að halda.</p> <p>Í þessu felst aðstoð við matvælaíðnaðinn við að draga úr matarsóun og við þá sem þurfa á mat að halda að nálgast hann.</p> <p>Matarbankinn tekur á móti mat frá matvælaíðnaðinum sem af ólíkum ástæðum selst ekki en er öruggt að neyta.</p> <p>Í matarbankanum er maturinn flokkaður og sóttur af þeirri stofnun/samtökum sem þarf á honum að halda. Stofnunin/samtökin koma matnum til þeirra sem þurfa á honum að halda.</p> <p>Maturinn kemst því til skila til þeirra sem geta nýtt hann.</p> <p>Fjöldi fyrirmýnda að svona fyrirkomulagi eru til í heiminum, t.d. í Noregi.</p>
Tímasetning	Hefja 2020.
Ábyrgð	Vakandi.
Samstarfsaðilar	Ráðuneytin, sveitarfélögin og öll þau fyrirtæki sem starfa við matvælaframleiðslu eða innflutning á matvælum.
Kostnaður	þarf að meta sérstaklega.
Heimsmarkmið	1, 2, 3, 10, 11, 12 og 17.
Mælikvarði	Magn matarúrgangs frá matvælaframleiðslu, sölu matvæla og veitingaþjónustu.

Aðgerð 24: Matarvagn.

Markmið	Að bjóða öllum upp á hollan og góðan mat á góðu verði.
Lýsing	Að útbúa matarvagn sem keyrir á milli hverfa (eins og ísbíllinn) og selur mat, t.d. samlokur, súpur og djús, sem útbúinn er út matvælum sem annars yrði sóað. Með þessu er hægt að halda verðinu niðri og bjóða upp á góðan og hollan mat á viðráðanlegu verði. Boðið verði upp á að þeir sem ekki geti greitt fyrir matinn fái hann ókeypis. Bíllinn þarf að vera flottur og byggt verði upp vörumerki sem allir vilja versla við. Fyrirtæki sem taka þátt taka þátt í samfélagslegri-, lýðheilsu- og umhverfisábyrgð. Með þessu færum við matinn til fólksins. Fjöldi fyrirmýnda er til í heiminum og er menning fyrir matarvögnum á Íslandi. Mögulegt er að tengja reksturinn matarbankanum.
Tímasetning	Hefja 2020.
Ábyrgð	Vakandi.
Samstarfsaðilar	Ráðuneytin, sveitarfélögin og öll þau fyrirtæki sem starfa við matvælaframleiðslu eða innflutning á matvælum.
Kostnaður	þarf að meta sérstaklega.
Heimsmarkmið	1, 2, 3, 10, 11, 12 og 17.
Mælikvarði	Magn matarúrgangs frá matvælaframleiðslu, sölu matvæla og veitingaþjónustu.

5. Lokaorð

Starfshópurinn þakkar fyrir að hafa fengið tækifæri til að koma að því mikilvæga verkefni sem baráttan gegn matarsóun er og tækifæri til að setja fram tillögur að aðgerðum. Starfshópurinn vonar að tillögur hans nýtist til að þeim árangri verði náð sem að er stefnt. Öllum þeim sem hafa veitt upplýsingar og aðra aðstoð við vinnuna er þakkað.

Viðauki

Tafla 1. Listi yfir aðgerðir gegn matarsóun sem þegar hefur verið ráðist í (ekki er um að ræða tæmandi lista).

Aðgerð	Stutt lýsing
Vefsíðurnar matarsóun.is og vakandi.is	Á vefsíðunum er að finna fréttir og fræðslu um matarsóun og upplýsingar fyrir neytendur og aðra sem vilja draga úr matarsóun.
Facebook-síðan Matarsóun.is	Fræðslu, fréttum og ráðleggingum er miðlað.
Samráðshópur ýmissa hagaðila um baráttuna gegn matarsóun	Reglubundið samstarf hagaðila til að deila hugmyndum og fréttum af verkefnum gegn matarsóun.
Margvísleg fræðsla og kynningar af hálfu frjálsra félagasamtaka	T.d. myndbönd, uppskriftir, námskeið, heimildarmyndagerð og fyrirlestrar.
Margvísleg fræðsla og kynningar af hálfu opinberra aðila	T.d. 10 húsráð gegn matarsóun, fræðsluefni um geymslupólsdagsetningar og um matarsóun í virðisbættu matvæla, fyrirlestrar í grunnskólum, framhaldsskólum, fræðslusetrum og stofnunum og myndbönd um að nota nefið við að meta gæði matvæla, skipulagningu innkaupa, nýtingu afganga og skipulagningu ísskápsins.
Saman gegn matarsóun	Fjölskylduhátíð í Hörpu 2014.
Ekkert til spillis	Málþing um matarsóun 2014.
Saman gegn sóun - umhverfissýning	Umhverfissýning í Perlunni 2016 þar sem m.a. var fjallað um matarsóun.
Allt sem þú vildir vita um græna neyslu	Opinn umræðufundur 2019 um neyslu, m.a. um matarsóun.
Diskósúpuviðburðir	Viðburðir til vitundarvakningar þar sem hráefni sem á að henda er safnað frá búðum og heildsölum og úr því elduð súpa handa gestum og gangandi og matarsóun rædd.
óHÓF - viðburðir til vitundarvakningar	Hugvekjur fyrir almenning um matarsóun með veitingum úr hráefni sem annars hefði verið sóað.
Eldað úr öllu	Matreiðslunámskeið sem haldin voru um landið þar sem kennt var að elda úr afgangum og breyta uppskriftum til að nýta það sem til er.
Matur og loftslagsbreytingar	Námskeið fyrir fólk um hvernig hægt er að gera matarvenjur loftslagsvænni.
Umhverfislestin á Vestfjörðum	Farandsýning um umhverfismál þar sem matarsóun var m.a. viðfangsefni.
Þátttaka í evrópsku nýtnivíkunni	Meðal annars lögð áhersla á minni matarsóun.
Skólar á grænni grein	Grænfánaverkefnið hefur skilað mörgum góðum matarsóunarverkefnum í leik- og grunnskólum í gegnum árin.
Kennsluefni fyrir grunnskóla (2017)	Kennsluefni um matarsóun.

Námsefni um matarsóun (Saman gegn matarsóun - 2019)	Rafbók sem samanstendur af verkefnabanka annars vegar og kennsluleiðbeiningum hins vegar. Verkefnin eru ætluð nemendum á unglingastigi en henta einnig nemendum á miðstigi.
Fræðsla á vinnustöðum Reykjavíkurborgar	Fræðsla um bættu matarnýtingu og umfang matarsóunar var mælt.
Fræðsla til veitingamanna	T.d. fyrirlestrar og viðburðir fyrir veitingamenn, vinna með hugmyndir að úrbótum og útgáfa kennsluefnis.
Fagnámskeið fyrir ófaglært starfsfólk mötuneyta og veitingahúsa	Námskeið þar sem kennd er betri nýting matvæla og ábyrgð starfsmanna mötuneyta varðandi matarsóun.
Fræðsla um heimajarðgerð	Fræðsluefni um hvernig best sé að standa að heimajarðgerð og kynning á nýtingu orma við niðurbrot matarafganga.
Sprotafyrirtæki sem nota hliðarafurðir sem hráefni	Sprotafyrirtæki sem nota hliðarafurðir sem annars hefðu orðið að úrgangi sem hráefni í framleiðslu sína og auka þannig verðmætasköpun.
Verðslanir bjóða afslátt af vörum sem eru að renna út	Verðslanir lækka verð eða gefa vörur sem nálgast fyrningardagsetningu.
Viðhorfskannanir um matarsóun (2015 og 2017)	Mælingar á viðhorfi Íslendinga til matarsóunar og á ástæðum matarsóunar á heimilum.
Forrannsókn á umfangi matarsóunar á heimilum í Reykjavík	Rannsókn árið 2015 sem náði til 17 heimila í Reykjavík.
Framhaldsrannsókn á umfangi matarsóunar á heimilum í Reykjavík	Rannsókn árið 2018 sem náði til 15 heimila í Reykjavík.
Rannsókn á umfangi matarsóunar 2016	Rannsókn árið 2016 sem náði til heimila og fyrirtækja á öllu landinu.
Rannsókn á umfangi matarsóunar 2019	Rannsókn árið 2019 sem náði til heimila og fyrirtækja á öllu landinu.
Matarstefna Reykjavíkurborgar 2018-2022	Fjallar m.a. um aðgerðir til að koma í veg fyrir matarsóun.
Saman gegn sóun - almenn stefna ráðherra um úrgangsforvarnir 2016-2027	Áhersla m.a. lögð á matarsóun.
Græn skref í ríkisrekstri	Aðgerðir sem taka á matarsóun eru hluti af aðgerðum sem ríkisaðilar þurfa að grípa til og snúa m.a. að fræðslu til starfsmanna og mælingum á umfangi.
Græn skref í starfsemi Reykjavíkur	Innibera aðgerðir til varnar matarsóun.





Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 31. júlí 2020
Tilvísun: 2020070393

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um mál Umhverfis og auðlindaráðuneytis nr. 118/2020 „Tillögur að aðgerðum gegn matarsóun“.


Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið til umsagnar mál Umhverfis og auðlindaráðuneytis nr. 118/2020 „Tillögur að aðgerðum gegn matarsóun.“

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fagnar vinnu og aðgerðum til að draga úr matarsóun. Í tillögunum eru kynntar margar góðar og athyglisverðar aðgerðir. Mikilvægt er að í allri slíkri vinnu sé vandað til verka og að til staðar sé góð þekking á málaflokknum. Því hefði það verið gagnlegt, fyrir málefnið, ef að fulltrúar eftirlitsaðila eins og Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga hefðu verið hluti af starfshópnum.

Því miður kemur fram í tillögunum misskilningur eða vanþekking á ýmsum ákvæðum matvælalöggjafarinnar, t.d. á ákvæðum um merkingar og geymsluþol matvæla. Varðandi tillögur um bættu menntun innan greinarinnar og gerð fræðsluefnis er gengið fram hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og Matvælastofnun. Mikið af þessu fræðsluefni er til, en þekking á því virðist ekki vera til staðar innan starfshópsins. Hvað varðar leiðbeiningar um rétt fyrirkomulag matargjafa þá er ekki minnst einu orði á þá aðila sem hafa eftirlit með framkvæmdinni. Tillögur um umbætur á regluverki eru ekki vel afmarkaðar og mjög loðnar og bera vott um vanþekkingu í málaflokknum. Þá er í aðgerð 12 beinlínis haldið fram röngu máli um að næringaryfirlýsingu þurfi í mötuneytum, engin krafa er um það í reglugerðum. Nýting á lífrænu hráefni og hliðarafurðir, eftirlit með því er hjá Matvælastofnun og því hefði verið nauðsynlegt að fulltrúi þaðan væri í svona starfshóp. Í aðgerð 18 kemur einnig fram skortur á yfirsýn, þar sem vitnað er í aðgerðir í Noregi en starfshópurinn virðist ekki gera sér grein fyrir því að sömu reglur eru í gildi hér á landi og voru innleiddar 2014, þannig þetta eru hvorki nýjar upplýsingar eða neitt sem þarf að breyta.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur er reiðubúið til samstarfs og til að leggja fram sitt liðssinni til að draga úr matarsóun.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Óskar Ísfeld Sigurðsson
deildarstjóri matvælaeftirlits